

En munið það, börn, að án Jesú getur enginn lífað sliku lífi. Það er ekkert líf til, sem er slíkt, nema lífið, sem hann gefur.

Ó, lífum Jesú, lífsins herra kæra!  
Og lífum, Jesú hjarta-fórn að færa.  
Og lífum til að líkna, hjúkra, bjarga  
til lífsins hinu veika, vesla marga.

---

### Notið tímann vel.

#### III.

Eg hef nú verið að tala við ykkur um þetta, börn. Og seinast sagði eg, að eg myndi tala meira um þetta við ykkur næst.

Eg vona þið hafið lesið það og tekið eftir því og hugsað um það. Mér þætti fyrir, ef þið hefðuð ekki gert það. Andlitið á mér yrði þá svo leidinlegt. Æn enginn með leiðinlegt andlit er velkominn í hópinn til ykkar. Æn það kemur ekki til þess. Þið hafið gert það. Æn þið hafið gert meira. Eg veit það. Þið hafið sagt við ykkur sjálf: „Það er satt, sem „Barna“-maðurinn segir. Við eignum að nota tímann vel. Og við skulum gera það.“

Eg þakka ykkur fyrir það. Mér þykir svo gaman að tala við ykkur, þegar þið takið svona eftir. Þá get eg haft góð áhrif á ykkur. Og til þess langar mig. Og þá fæ eg góðar viðtökur hjá ykkur. Þið segið mig velkominn, og gerið mér eitt-hvað gott. Og þá höfum við gaman og gott af að hittast.

En það meiddi mig, ef eg vissi, að þið vilduð ekki hlusta á mig og segðuð: „Hann er svo leiðinlegur, þessi karl! Við höfum ekkert gaman eða gagn af að hlusta á hann.“ — Elskurnar mínar! Þetta megið þið ekki segja. Eg vil ekki vera neinn karl, þegar eg kem til ykkar. Og allra sízt vil eg þá vera *leiðinlegur* karl. Uh! Það kemur hrollur í mig, þegar eg hugsa til þess.

---

En nú ætla eg að tala við ykkur um að nota tímann ykkar vel, bæta dálítlu við, úr því eg þykist vita, að þið hlustið á mig.

*Kvöldin ykkar* ætla eg að minna ykkur á. Og eg bið ykkur sérstaklega um þetta: *Notið vel kvöldin ykkar!*

Það fara margir unglungar og mörg börn, ekki síst í bæjunum, illa með kvöldin sín, ósköp illa. Og þau súpa svo af því alla æfi sína, aumingja-börnin. Þau hlýddu ekki foreldrum sínum. Þau vildu fá að gera það, sem þeim sjálfum syndist. En